



Akureyri

Umhverfis- og mannvirkjasvið

Umhverfisstofnun
Áb. <u>SP</u>
28. maí 2018
<u>08.03</u>
Tilv. <u>VST201803-184</u>

Umhverfisstofnun
Suðurlandsbraut 24
108 Reykjavík

Akureyri, 24.05.2018
2016110097 33-350

Efni: Grænt bókhald 2017

Meðfylgjandi er skýrsla um grænt bókhald Malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar fyrir árið 2017.

Beðist er velvirðingar á því hve seint skýrslan er send.

Virðingarfyllst,
f.h. Akureyrarbæjar

Jónas Vignússon
forstöðumaður Umhverfismiðstöðvar

Afrit:



Akureyri
UMHVERFISMIÐSTÖÐ

Malbikunarstöð Akureyrarbæjar

við Súluveg
Akureyri

Skýrsla um grænt bókhald fyrir árið 2017

Akureyrarbær

Akureyri, maí 2018



UMHVERFIS- OG
MANNVIRKJASVIÐ
AKUREYRARBÆJAR

Efnisyfirlit

Yfirlýsing stjórnanda	2
Staðfesting endurskoðanda	3
Almennar upplýsingar	4
Hráefnis- og auðlindanotkun	5

Yfirlýsing stjórnanda

Hér birtist skýrsla um grænt bókhald fyrir starfsemi Malbikunarstöðvar Akureyrar á árinu 2017, sbr. reglugerð nr. 851/2002. Starfsemi stöðvarinnar felst í framleiðslu malbiks til notkunar á götur, vegi, gangstéttar, bílastæði o.fl. Grunnefni til framleiðslunnar eru aðallega íslensk steinefni og innflutt asphalt, en einnig eru notuð innflutt steinefni að hluta. Helstu breytingar sem urðu á starfseminni á árinu frá því sem verið hefur er að framleiðsla árið 2017 varð 49 % meiri en árið áður.

Akureyri, 22. maí 2018



Akureyri
UMHVERFISMIÐSTÖÐ

Jonas Vigfússon, forstöðumaður Umhverfismiðstöðvar

Óháð staðfesting til Malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar vegna græns bókhalds

Við höfum kannað skýrslu Malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar (hér eftir nefnd MA) um grænt bókhald fyrir árið 2017.

Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu MA um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald stöðvarinnar og að upplýsingar um mengunarmælingar sem sendar eru þeim aðila sem hefur eftirlit með starfsleyfi vegna mengunarmælinga séu réttar.

Ábyrgð stjórnenda

Skýrsla um grænt bókhald er lögð fram af stjórnendum stöðvarinnar og á ábyrgð þeirra í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru í íslenskri löggjöf.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg víska fáiast um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni sé í öllum meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:


- hvort tölur sem gefnar eru upp séu réttar og í samræmi við fjárhagsbókhald stöðvarinnar
- hvort upplýsingarnar sem birtar eru í skýrslunni um mengunarmælingar eru í samræmi við niðurstöður Verkís, sem sér um mengunarmælingar fyrir MA
- hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni um mælingar séu í samræmi við frumgögn
- hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegrar og videigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að skýrsla Malbikunarstöðvar Akureyrarbæjar um grænt bókhald á árinu 2017 sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Akureyri, 22. maí 2018.
KPMG ehf.



Almennar upplýsingar

Malbikunarstöðin er hluti af Umhverfismiðstöð Akureyrarbæjar og rekin undir yfirstjórn umhverfis- og mannvirkjasvið Akureyrarbæjar.

Forstöðumaður Umhverfismiðstöðvar er Jónas Vigfússon, verkfræðingur og sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs er Guðríður Friðriksdóttir, verkfræðingur.

Starfsleyfi

Malbikunarstöðin starfar skv. starfsleyfi sem gefið var út 25. janúar 2017 og skal það endurskoðast á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr.785/1999.

Starfsleyfishafi er Akureyrarbær, Geislagötu 9, 600 Akureyri.

Eftirlit með starfseminni er í höndum Umhverfisstofnunar.

Númer fyrirtækjaflokks, sbr. fylgiskjal með reglugerð um grænt bókhald, er 6.11.

Afmörkun starfseminnar

Staðsetning

Malbikunarstöðin er staðsett við Súluveg á Akureyri.

Stærð fyrirtækisins og athafnasvæði þess

Athafnasvæði malbikunarstöðvarinnar er um 1 hektari að stærð og er í um 147–148 m hæð yfir sjávarmáli. Daggeymir fyrir asfalt við stöðina var endurnýjaður árið 2006 og er nú einn 50 tonna upphitaður geymir.

Reist voru tvö síló fyrir geymslu á malbiki við stöðina árið 2009. Á athafnasvæðinu er starfsmannahús og litlar geymslur. Einnig tilheyrir starfseminni 1.400 tonna löndunargeymir fyrir asfalt og er hann staðsettur á hafnarkanti við Skipatanga.

Hráefna- og auðlindanotkun

Malbiksframleiðsla á árinu 2017 var samtals 7.199 tonn. Árið 2016 var framleiðslan 4.834 tonn. Malbikið er að meðaltali 93,9% steinefni og 6,1% asfalt.

Við framleiðsluna 2017 voru því notuð um 6.760 tonn af steinefnum og um 440 tonn af asfalti. Steinefnin eru að mestum hluta unnin úr klöpp á Moldhaugahálsi.

Asfaltinnflutningur/asfaltkaup og geymsla á asfalti á árinu 2017 nam samtals 500 tonnum en að teknu tilliti til birgðabreytinga var gegnumstreymi samtals um 450 tonn.

Malbikunarstöð

Olíunotkun

Til þurrkunar og upphitunar steinefna hefur verið notuð flotaolía, en nú var ákveðið að gera tilraun með að blanda hana með lífdísilólíu.

Heildarmagn flotaolíu á árinu 2017 var 63.179 lítrar og 7.000 lítrar af lífdisli, eða um 9,7 lítrar á hvert tonn af malbiki.

Raforkunotkun

Malbikunarstöðin er rafmagnsdrifin og einnig er rafmagn notað til að halda asfalti heitu. Raforkunotkun á árinu 2017 var samtals 358.543 kwst. eða 49,8 kwst. á framleitt tonn af malbiki.

Asfaltgeymir

Raforkunotkun

Til að halda asfalti heitu í löndunargeymi er notuð raforka.

Raforkunotkun á árinu 2017 varð samtals 344.212 kwst. eða 764,9 kwst. á hvert tonn af asfalti sem fór í gegnum löndunargeyminn.

Útblástursloft

Samkvæmt starfsleyfi grein 3.2 skal mæla ryk í útblásturslofti að minnsta kosti einu sinni á ári og má það ekki vera meira en 50 mg/Nm³ skv. grein 2.1 í starfsleyfi.

Mæling ryks fór fram 1. nóvember 2017 og reyndist heildarryk úr beinni mælingu frá brennslunni vera um 196,1 mg/Nm³ að meðaltali. Sé mæligildið umreiknað að 17% súrefni var niðurstaðan 199,7 mg/Nm³.

Þetta gildi er allt of hátt, en þess ber að geta að þegar mæling var gerð var lögð áhersla að ná lágmarkshraða á útblæstri og jókst hann úr 17,6 m/sek. við mælingu árið áður, en við þessa mælingu reyndist hann vera 23,0 m/sek. Hugsanlega hefur þetta áhrif á rykmagnið, en unnið verður að endurbótum á loftgæðunum á þessu ári.